

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 72. fundur.

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 17. febrúar 2010, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
3. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2010.
4. Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2010.
5. Gjaldskrá hitaveitu Reykjahlíðar.
6. Gjaldskrá hitaveitu v/Birkilands.
7. Erindi frá Héðni Sverrissyni.
8. Stofnun nýrrar lóðar að Geiteyjarströnd 1.
9. Óleyfisbyggingar Geiteyjarströnd.
10. Dvalarheimili aldraðra.
11. Atvinnustefna stjórnar Vatnajökulspjórðgarðs.

### Til kynningar:

- Fundargerð VERKNAUST dags. 18. nóv 09.
- Fundargerð VERKNAUST dags. 4. des. 09.
- Fundargerð VERKNAUST dags. 21. des. 09.
- Fundargerð Eldvarnanevndar dags. 18. jan.
- Bréf Landssambands hestamanna dags. 21. jan.
- Fundargerð stjórnar DA dags. 25. jan.
- Bréf UMFÍ dags. 28. jan.
- Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 29. jan.
- Samrit af bréfi Framsýnar til Iðnaðarráðuneytis dags. 29. jan.

**Bréf frá formanni sóknarnefndar Skútustaðasóknar dags. 31. jan.**  
**Bréf frá formanni sóknarnefndar Reykjahlíðarsóknar dags. 2. feb.**

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 9, 10 og 11 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

**2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.**

Vísað til annarrar umræðu.

**3. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2010.**

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu um fasteigna- og þjónustugjöld fyrir árið 2010. ásamt afsláttarreglum.

***Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2010.***

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 10,00 á m<sup>2</sup>.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2010. Gjalddagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2010, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

**100% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.460.000-  
 Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.440.000-

**80% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur kr. 2.460.000- til kr. 2.830.000-  
 Hjón með (peninga) tekjur kr. 3.440.000- til kr. 3.840.000-

**50% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur kr. 2.830.000- til kr. 3.290.000-  
 Hjón með (peninga) tekjur kr. 3.840.000- til kr. 4.580.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt staðfestu afriti af skattaframtali 2010 og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

**Sorphirðugjöld:**

- A.) Íbúðir  
 Sorphirðugjald kr. 23.200- á íbúð
- B.) Fyrirtæki.  
 Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur	a) kr.	23.200-
	b) kr.	63.800-
	c) kr.	116.400-
	d) kr.	213.500-
	e) kr.	416.500-
	f) kr.	631.600-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðisefirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2010, sem heimilt er samkv. lögum.

**Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.**

Samþykkt samhljóða. Gjaldskrárhlutunum vísað til síðari umræðu.

**4. Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2010.**

Eftirfarandi innheimtulisti lagður fram. Ljóst er að þrátt fyrir að sveitarstjórn samþykki 15% hækkun sorpgjalda frá fyrra ári, heldur það ekki í við kostnaðinn sem hlýst af þessum málaflokki.

Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2010 fyrirtæki	flokkur	2010
Birgir Hauksson v/landbúnaður	a	23.200
Egill Freysteinsson v/landbúnaður	a	23.200
Eyþór Pétursson v/landbúnaður	a	23.200
Eilífur ehf. v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Baldursheimi ehf. v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Gautlöndum 1 v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Garði 2 v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Geiteyjarströnd 2 v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Grænavatni 1 v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Grænavatni 4 v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Stöng 2 og Heiðmörk v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Skútustöðum 2 v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Vogum 2 og 4 v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Vogum 3 v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Vogum 1 v/landbúnaður	a	23.200
Félagsbú Ytri Neslöndum v/landbúnaður	a	23.200
Halldór Árnason v/landbúnaður	a	23.200
Héðinn Sverrisson v/reykhús	a	23.200
Ingólfur Jónasson v/landbúnaður	a	23.200
Kjartan Þ. Sigurðsson v/landbúnaður	a	23.200
Dyngjan	a	23.200
Gylfi Yngvason reykhús	a	23.200
Haganes, veiðihús	a	23.200
Mývatnsmarkaður	a	23.200
Reykhúsið Hellu	a	23.200
Víkurnes, hópferðaþjónusta	a	23.200
		<b>603.200</b>
Crumena v/ Gistiheimilisins Lúdents	b	63.800
Fuglasafn Sigurgeirs	b	63.800
Héðinn Sverrisson v/gisting	b	63.800
Landeigendur Reykjahl. v/Gestastofu	b	63.800
Mýflug	b	63.800

Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli	b	63.800
Skútustaðir 2b, gisting	b	63.800
Sparisjóður S-Þingeyinga	b	63.800
Stöng Sumarhús	b	63.800
		<b>574.200</b>
Eldá/Helluholt	c	116.400
Ferðaðjónustan Bjargi	c	116.400
Ferðaðjónustan Hlíð	c	116.400
Jón Ingi Hinriksson v/Léttsteypan ofl.	c	116.400
Lake View	c	116.400
Landsvirkjun v/Grænna lausna/Raftvista	c	116.400
Baðfélag Mývatnssveitar	c	116.400
Trésmiðjan Rein v/Kaffi Borga	c	116.400
Skútustaðahreppur v/Múlavegar 1	c	116.400
Skútustaðahreppur v/áholdahús/veitust.	c	116.400
Stöng, ferðaðjónusta	c	116.400
Vogabú v/gisting/veitingar	c	116.400
Vogar v ferðaðjónusta ofl.	c	116.400
Veidihús í landi Hofstaða	c	116.400
		<b>1.629.600</b>
Hótel Reynihlíð	d	213.500
Lykilhótel	d	213.500
Mývatn ehf	d	213.500
Skjólbrekka, félagsheimili	d	213.500
Skútustaðahreppur, grunnskóli	d	213.500
Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð	d	213.500
		<b>1.281.000</b>
Samkaup	f	631.600
Kröfluvirkjun	f	631.600
		<b>1.263.200</b>
samt. fyrirtæki		<b>5.351.200</b>
alm. gjald	171	23.200
		<b>3.967.200</b>
samtals alls		<b>9.318.400</b>

Samþykkt samhljóða.

**5. Gjaldskrá hitaveitu Reykjahlíðar.**

Vísað til síðari umræðu.

**6. Gjaldskrá hitaveitu v/Birkilands.**

Vísað til síðari umræðu.

**7. Erindi frá Héðni Sverrissyni.**

Með bréfi dags. 12. febrúar óskar Héðinn Sverrisson eftir að sveitarstjórn taki afstöðu til meðfylgjandi deiliskipulagstillögu og heimili þar með tilheyrandi breytingu á staðfestu aðalskipulagi. Í bréfinu kemur fram að brýnt sé að fá sem allra fyrst afgreiðslu á þessu máli svo áform um frekari uppbyggingu samkvæmt tillögunni nái fram að ganga.

Sveitarstjórn tók í desember s.l. til afgreiðslu samskonar erindi frá Héðni. Þar kom m.a. fram að ástæða þess að ekki var hægt að taka deiliskipulagstillöguna fyrir var að ekki hefur farið fram breyting á aðalskipulagi. Sem kunnugt er, er sveitarstjórn að láta vinna heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Við þá vinnu er tekið tillit til óska jarðeigenda um framtíðarnýtnu jarðanna og verður það líka gert í þessu tilviki. Sveitarstjórn hefur ákveðið að ekki verði tekin út úr endurskoðunarvinnunni eitt og eitt svæði til aðalskipulagsbreytinga. Vonast er til þess að í vor liggi tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir til umræðu. Sveitarstjórn er ekki að hafna deiliskipulagstillögunni sem slíkri heldur hafnar að taka hana til auglýsingar á þessu stigi. Vert er að geta þess að þó svo að sveitarstjórn hefði samþykkt erindið eru nánast engar líkur á því að tillögurnar hefðu hlotið staðfestingu í vor svo nefndar framkvæmdir gætu farið fram.

#### 8. Stofnun nýrrar lóðar að Geiteyjarströnd 1.

Fyrir fundinum liggur umsókn um stofnun nýrrar lóðar í landi Geiteyjarstrandar 1. Lóðin er 10.000 m<sup>2</sup> að stærð og er ætluð undir bílastæði við Dimmuborgir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að lóðin verði stofnuð. Jafnframt gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við að lóðin verði leyst úr landbúnaðarlotum.

#### 9. Óleyfisbyggingar Geiteyjarströnd.

Á fundi Byggingarnefndar 16. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi frá Íslandsgörðum ehf. Þar sem óskað var eftir stöðuleyfi fyrir 51 svefnskálaeiningu á túni við Geiteyjarströnd 1.

Byggingarnefnd hafnaði erindinu og staðfesti sveitarstjórn þá afgreiðslu á fundi 26. nóvember. Byggingarfulltrúi tilkynnti forsvarsmanni fyrirtækisins afgreiðslu Byggingarnefndar með bréfi dags. 22. desember. Veittur var frestur til 31. janúar til að fjarlægja einingarnar. Við því var ekki orðið. Þess skal þó getið að viðkomandi hefur átt símtöl bæði við byggingarfulltrúa og sveitarstjóra vegna þessa.

Sveitarstjórn samþykkir að beita 1. mgr. 57 gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 og felur byggingarfulltrúa að senda þeim aðila sem hér um ræðir bréf, þar sem viðkomandi eru gefnar fjórar vikur til úrbóta að öðrum kosti verði lagðar á dagsektir kr. 20.000,- á dag.

#### 10. Dvalarheimil aldraðra.

Fyrir fundinum liggur fundargerð aukaáðalfundar DA dags. 16. feb., en Þingeyjarsveit hafði óskað eftir fundinum. Tilefni fundarins var málefni Útgarðs 4. Annars vegar hvort aðildarsveitarfélögin tækju á sig 90 milljón kr. lán og skiptu því á milli sín eins og samþykktir félagsins kveða á um og svo hitt hvort íbúðirnar eigi að vera undir sama hatti og aðrar leiguíbúðir DA þ.e með kaupskyldu sveitarfélaganna eða að sveitarfélögin hefðu eingöngu forkaupsrétt. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkt á fundi 28. Janúar að taka á sig sinn hlut af nefndu láni en hafnar alfarið kaupskyldunni. Sveitarstjórn er hins vegar tilbúin að fallast á forkaupsréttar ákvæði. Sveitarstjóri kom þessari skoðun sveitarstjórnar á framfæri á aukaáðalfundinum.

Í fundargerðinni kemur frá aðildarsveitarfélög DA eru sammála því að taka á sig 90 milljón kr. lánið. Það er hins vegar ekki samstaða meðal sveitarfélaganna um hvort fara eigi þá leið að grunnmarkmiðum DA verði haldið og að Leigufélagið um Útgarð 4 hætti starfsemi eftir því sem íbúðir seljast út úr því. Þegar íbúð er seld færast hún inn í DA og kaupskylda myndast.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að standa við fyrri ákvörðun sína frá 28. Janúar og í ljósi forsögunnar á þessu máli öllu, hafnar alfarið að taka á sig kaupskyldu vegna íbúðanna við Útgarð 4.

#### 11. Atvinnustefna stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs.

Fyrir fundinum liggur tölvupóstur frá forstöðumanni Náttúrustofu Norðausturlands þar sem rakin eru samskipti stjórnarformanns Vatnajökulspjóðgarðs og starfsmanns Náttúrustofunnar. Jafnframt upplýsir hann sveitarstjórn um afgreiðslu stjórnar þjóðgarðsins á áframhaldandi vinnu við verndaráætlun. Í tölvupóstinum kemur fram að stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hafi ákveðið að semja við ráðgjafafyrirtækið Alta um að búa til lokaplagg verndaráætlunarinnar. Lokaplaggið er í raun tillaga stjórnar þjóðgarðsins sem byggir á svæðistillögunum, þ.á.m. tillögu Norðursvæðis sem NN hefur unnið að sl. 18 mánuði. Alls eru fjórar svæðistillögur sem hafa verið unnar af sérfræðingum í héraði allt í kringum jökulinn í góðri samvinnu við svæðisráð viðkomandi svæða. Í þeim samskiptum sem rakin eru í tölvupóstinum má ætla að

NNA hafi haft réttmætar væntingar til þess að vinna lokaplaggið, það komi því á óvart að ráðgjafafyrirtækið Alta hafi verið ráðið til verksins.

Sveitarstjórn átelur þá ákvörðun stjórnar Vatnajökulspjódgarðs að leita til ráðgjafafyrirtækis í Reykjavík fremur en til sérferðinga í héraði til að ljúka vinnu við nefnt plagg. Þá furðar sveitarstjórn sig einnig á því að sama ráðgjafafyrirtæki skuli vera að vinna atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn. Er það svo að í þeim sveitarfélögum sem umlykja þjóðgarðinn sé ekki hægt að finna hæft fólk til þessara verkefna, eða hvað ræður ákvörðun stjórnar? Nú er það svo að í a.m.k. fjórum tilvikum telur stjórn Vatnajökulspjódgarðs að málum þjóðgarðsins sé betur fyrir komið í höfðuborginni en heima í héraði. Framkvæmdastjórinn situr í Reykjavík og þar af leiðandi situr starfsmaður sem framkvæmdastjóranum fylgir einnig í Reykjavík. Lokaplagg verndaráætlunarinnar fyrir þjóðgarðinn skal vinnast í Reykjavík, atvinnustefnan skal unnin í Reykjavík.

Eitt af yfirlýstum markmiðum með stofnun Vatnajökulspjódgarðs er að efla byggð og atvinnu á þeim svæðum sem þjóðgarðurinn tilheyrir. Telur stjórn Vatnajökulspjódgarðs að slík ákvæði séu til einungis til skrauts?

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps óskar hér með eftir að fá send afrit af öllum fundargerðum stjórnar Vatnajökulspjódgarðs.

Böðvar tók ekki þátt í afgreiðslu á þessum lið.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.